

# Kjarvalsmyndir

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í Kjarvalssal að Kjarvalsstöðum eru til sýnis fram til 17. maí allmargar teikningar, vatnslita- og krítarmyndir eftir Jóhannes Sveinsson Kjarval. Eins og margur mun vita var Kjarval fjölhæfur listamaður, sem málaði og teiknaði á allt sem fyrir var ef sá var gállinn á honum, og blandaði saman hinum ýmsu efnum, sem hann hafði á milli handanna, en sá er einmitt hátturinn hjá hinum svonefndu „artistum“ í myndlistinni. Verður því, er fram líða stundir ídulega að gera við myndir slíkra, og einnig vegna þess að gerendur fara oftast ekki hirðuleysislega með afkvæmi sín í listinni. Fyrir þeim er það núð og hugmyndin sem útfæra skal sem gildir, en hugmyndir liðins tíma mega gjarnan liggja þar sem þær eru komnar, og gott ef ekki er gengið, setið og legið á myndunum á stundum.

Menn taka þannig fljótlega eftir, að sumar myndanna á sýningunni eru mjög illa farnar, þótt færustu sérfræðingar hafi reynt að lappa upp á þær eftir fremstu getu.


En sköpunarkrafturinn og sköpunargleðin leyna sér ekki í jafnvel illa förnustu myndverkun-

um, og þannig eru á þessari sýningu ófá meistaraverk Kjarvals á sviði teiknilistarinnar m.a. margar andlitsmyndir, sem eru lystilega útfærðar og merkilega einfaldar þrátt fyrir tjákraftinn. Ekki líkjast þessar myndir alltaf fyrirmyndum sínum hvað ytra yfirborð áhræfir, en meistarinn leggur þeim mun meira upp úr því sem inni fyrir býr — hinu sálræna svo og útgeislun persónunnar.

Kjarval var einn af þeim myndlistarmönnum sem lagði það fyrir sig að mála einfaldlega svipmiklar myndir, slíkt var honum alveg nóg og hann hugsaði ekki meira út í það, þótt hann væri sér mjög vel meðvitandi um þjóðfélagið og mannlífið allt um kring og væri sem slíkur mjög heimspekilega sinnnaður.

Þrátt fyrir að menn hafi rannsakað list Kjarvals frá ýmsum hliðum ætti að vera nóg um verk efni fyrir metnaðarfulla listsögufræðinga til skrifa um list hans, og því kemur það manni jafnan spáskt fyrir sjónir hve sýningum á verkum hans í húsinu hin síðustu ár er fylgt fátæklega úr hlaði. Skoðandinn fær bókstaflega ekki neitt á milli handanna, en myndirnar láttnar tala fyrir sig og það myndir sem hafa verið til sýnis áður, sumar oft áður.

En myndheimur Kjarvals hefur



Jóhannes S. Kjarval

ekki verið tæmdur, því fer fjarri, og tel ég að viðkomandi beri nokkur skylda til að gera sýningar á verkum hans forvitnilegri með snjöllum ritgerðum um hann. Allt veltur nefnilega á því að gera listsýningar forvitnilegar fyrir væntanlega gesti og skiptir engu máli hvaða sýningar það eru, og þegar um er að ræða meistarana Kjarval, sem húsið er nefnt eftir, þá er ástæðan margföld. Að öðrum kosti verður safn borgarinnar á myndum hans dæmt til að hljóta sömu örlög og svo mörg einkasöfn nafnkenndra listamanna og koðna niður.

Ástæða er að hvetja sem flesta til að skoða þessa sýningu, einkum yngri kynslóðir listáhuga-fólks.

# Hin sjónræna snerting

## List og hönnun


Bragi Ásgeirsson

Kjarvalsstaðir halda áfram þeirri ágætu framkvæmd, að kynna íslensk ljóðskáld í eystri gangi og að þessu sinni eru það ljóð eftir *Kristján Karlsson*, sem prýða veggina.

Ljóðin standa jafnan fyrir sínu á þessum sýningum og ég hef tekið eftir því, að bókmenntaleg skilgreining sem fylgir þeim úr hlaði er ídulega býsna gagnorð, og vill jafnvel í sumum tilvikum skyggja á ljóðin um orðognoft! Á ég þá við að hún ljái ljóðunum það inntak, sem maður að öreyndu myndi ekki taka eftir við lestur þeirra, og er þetta skylt því að sum myndverk þurfa ítarlega útlístan til þess að ljós renni upp fyrir skoðandanum, jafnvel fólki sem í áratugi hefur fylgst með myndlist.

Nú vil ég endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að í núverandi formi er um beina kynningu á skáldunum að ræða og sennilega fer best á því að ljóðin og bókmenntalega skilgreiningin, standi fyrir sínu sem hrein og bein kynning á viðkomandi skáldum og jafnvel seinna rithöfundum.

En þannig er mál, að ég er nýkominn frá Japan þar sem ég skoðaði margar sýningar á kalligrafíu, sem voru meistaralega uppsettar og eina sýningu sá ég á safni í Kyoto, sem var svo fjölbætt og blæbrigðarík, að mér



Kjarvalsstaðir kynna ljóð eftir Kristján Karlsson.

varð hugsað stíft til þessa framtaks Kjarvalsstaða.

Vildi ég vekja sérstaka athygli á þessu, því að möguleikarnir í uppsetningu ljóða og óbundins máls eru nefnilega sjónrænt séð mjög margbættir að mínu mati og sé ég hér engan botn á, en sú lausn, sem hefur verið fundin að Kjarvalsstöðum á mun frekar heima sem sérstök kynning í skólum eða á bókasöfnum en í húsi yfir lífrænar sjónlistir.

Ljóð Kristjáns Karlssonar höfðu til mín fyrir djúpa hugsun og einfaldleika og einkum leitaði þessi hending á mig: „Snertingin ein er eftir / ást mín, í blindum taugum, / snertu mig / snertu mig ljós sem lifir.“

„Regntíminn“. Saldþrykk eftir Yoshinori Arai.



# Japönsk grafík

Í vestri sal Kjarvalsstaða er nú og fram til 10. maí í gangi farandsýning á japanskri grafík er hingað kemur frá Dublin á Írlandi.

Er hér um að ræða mikið og fjölbreytt úrval af grafík, sem farið hefur víða um heiminn, en verkin eru 94 og eru eftir 70 listamenn.

Rétt er að það komi strax fram, að farandsýningar á grafík og ljósmyndum eru mjög viðkvæmt mál og hingað hafa t.d. ratað slíkar sýningar þar sem mátti sjá ýmis þreytumerki á eftir misjafna meðhöndlun úti í heimi. Sýningararnar eru nefnilega ekki alltaf settar upp af fagmönnum, sem kunna að meðhöndla myndir og ganga fullkomlega frá þeim og auk þess njóta sín margar tegundir mynda illa undir plasti.

Einnig minnst ég þess, er Íslensk farandsýning á vatnslita-myndum, teikningum og grafík fór milli 10 borga Þýskalands fyrir margt löngu og kom heim þvæld og skítug.

Sá er hér ritar mælir því ekki með slíkum sýningum, er víða fara og einnig orkar myndavalið oftast en ekki tvímælis, en það er þá í höndum manna, sem vilja sýna eftir sem flesta, þótt þá gangi á gæðin.

Þannig hefur einmitt tekist til um þessa sýningu, sem er ofur eðlilegt þar sem flestir sýnend-

anna eru einungis með eitt verk, sem segir manni hvarla lítið um viðkomandi listamann.

Það stingur og strax í augun er inn kemur hve ruglingsleg sýningin er og hve stefnuleysið hefur verið mikið við val mynda. Þá er og áberandi hve erfitt er að greina tæknina í velflestum myndanna, en aðal góðrar grafík myndar er einmitt að hin sérstaka tækni fái að njóta sín. Þá fylgir sýningunni engin sýningarskrá og auk þess er ekki greint frá tækninni á miðunum, sem hengdir eru við hlið hvern myndar og segja frá nafni höfundanna.

(Við þetta verð ég þó að gera athugasemd, því að rétt áður en ég skiladi skrifinu var komin ágæt sýningarskrá, þar sem greint var frá tækninni og var þá allt annar handleggur að skoða sýninguna og að auki vinnur hún mikið á þannig að fyrstu áhrifin hafa blekkt marga.)

Þótt reynt hafi verið að velja myndir frá sem flestum héruðum Japans verður ekki greint í hverju mismunurinn er fölginn, enda fær skoðandinn hér enga leiðsögn.

Þannæst má greina mikið af vestrænum áhrifum í myndunum sem kemur manni spáskt fyrir sjónir, því að Japanir hafa einmitt af mikilli og merkilegri arfleifð að ausa, sem ég varð greinilega var við á ferð minni til landsins

fyrir skömmu og hreift mjög af. Margar myndanna minna og meira á auglýsingatækni, en hreina og ómengda grafíska útfærslu.

Það eru og einmitt nútímalegar myndir, sem byggja á arfleifðinni, sem hrifu mig mest á þessari sýningu, annars vegar mjög einfaldar lífrænar myndir og hins vegar mjög tæknilegar. Nefni eru nokkrar af handahófi: Tatsuro Tsubamoti: „Leidarmerki“, Keiji Fukushima: „Blár I“, Yoshinori Arai: „Regntíminn“ II og 18, Yukio Fukazawa: „Andlit“, Masao Ohba: „Skógur fyrir fugla“, Haruko Matsuura: „Litur Japan – Runna“, Fumhiko Enokido: „Máni varpar lóttusblómi á vatni“, Akira Tokuda: „Sýn + Sýn“ og Akira Kurosaki: „Dulbúin spegilmynd“.

Ef þessir menn hefðu myndað kjarna sýningarinnar með 5–8 myndum hver hefði útkoman trúlega orðið allt önnur.

Ekki er ég þó að varpa rýrd á hina, því að eins og ég hef áður sagt, er ógerlegt að átta sig á listamanni sem er einungis kynntur með einni og í hæsta lagi tveimur myndum. Það sem ekki er valið getur allt eins verið mun athyglisverðara eða mun lakara.

En dregið saman í hnotskurn er alltaf áhugavert og ánægjulegt að kynna list Japana.

# Skyndihugdettur

Hröð og umbúðalaus vinnubrögð eru það sem helst einkennir myndlist yngri kynslóðar, sem varð fyrir áhrifum frá nýbylgi- unni svonefndu er ruddi sér braut í upphafi nýunda áratugarins.

Af þessari kynslóð má ótvírætt telja *Margrét Zóphóníasdóttir*, sem um þessar mundir sýnir glermálverk í vestur-forsal Kjarvalsstaða. Fyrir tveimur árum sýndi hún akrylmálverk í Ásmundarsal og var augljóst að hún hafði unnið myndirnar í einni lotu og farið geyst. Þetta nefni ég á stundum, er ég undrast hraðann í vinnubrögðum nemenda málunardeildar MHÍ, mynd í skyndi og snilld í hvelli.

Vinnubrögðin eru að sjálf-sögðu fullgild út af fyrir sig, en það verður hálf eintóna er allir tileinka sér þennan hraða, sem var nær óþekktur í mínu ung-dæmi nema þegar menn voru að gera forriss og vildu fanga hugmyndirnar með hraði.

Glermálverk Margrétar eru einmitt unnin eftir þessari forskrift, og hún nefnir þær sjálf skyndihugdettur, sem verður að teljast réttnefni. Þær eru og einnig unnar í einni lotu á þekktu glerverkstæði úti í Kaupmannahöfn, þar sem margir myndlistarmenn hafa unnið að verkefnum allar götur frá 6. áratugnum er fyrsta opinbera nútíma gler-skreytingin í Danmörku fór fram. Margrét hefur látið hafa eftir sér, að hún hafi aldrei vitað nákvæmlega hvað mundi koma út úr brennslofninum, en glerið er brennt við 620 gráðu hita. Það er einmitt nokkuð áberandi að tilviljanir hafi ráðið drjúgum við gerð verkanna, nema að sjálf-sögðu sjálfri athöfninni sem er í einu og öllu gerandans.

Þetta gefur til kynna að tæknin sé mjög erfið í upphafi og



Margrét Zóphóníasdóttir

þannig er ég alveg viss um að útkoman hefði orðið mun heillegri ef Margrét hefði gefið sér lengri tíma en einungis tvo mánuði. En það er nú einmitt tímanna tákni, að menn ætla sér að ná sama árangri á tveim mánuðum og einu ári áður, þrátt fyrir mun minni grunnþjálfun. Það skiptir nefnilega litlu hve yfirbyggingin er fjölbætt og víðamikil ef grunnnámið er ekki fullnægjandi. Tvær myndir skera sig úr um hnitmiðaða byggingu og sannfærandi form, sem eru: „Hugarórar“ (1) og „Umbreyting“ (7). Kom ég á sýninguna í margskonar birtu og þóttu mér myndirnar njóta sín best í miklu sólarlausu ljósflæði. Þá voru þær formsterkastar og mest ró yfir þeim, en sjálft sólarljósið vildi leysa upp og rýra formgæðin.

Tæknibrögðin í sjálfu sér eru óvenjuleg hér uppi á Íslandi og ættu að eiga framtíð fyrir sér og vonandi rannsakar Margrét þau enn frekar.